

REGLUGERÐ

um bann við veiðum í mars og apríl og um sérstök línu- og netasvæði
út af Suðvesturlandi og Faxaflóa.

1. gr.

Frá og með 27. mars 1985 til kl. 12:00 á hádegi 9. apríl 1985 er bátum, sem eru minni en 10 brl. óheimilt að stunda fiskveiðar, aðrar en grásleppuveiðar, í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 22:00 2. apríl 1985 til kl. 12:00 á hádegi 9. apríl 1985 er óheimilt að hafa þorskfisknet í sjó.

3. gr.

Á tímabilinu frá og með 9. apríl 1985 til og með 15. maí 1985 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita í punkt 63°58'3 N, 23°40'5 V og þaðan í eftirgreinda punkta:

- a) 64°04'9 N, 23°45'0 V.
- b) 64°04'9 N, 23°42'0 V.
- c) 64°20'0 N, 23°42'0 V og þaðan í 90° réttvísandi.

4. gr.

Á tímabilinu frá og með 9. apríl 1985 til og með 15. maí 1985 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði, sem markast af línunum, sem dregnar eru á milli eftirgreindra punkta:

- a) 63°10'0 N, 22°00'0 V.
- b) 63°25'3 N, 22°00'0 V.
- c) 63°33'7 N, 23°03'0 V.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 3. apríl 1985 fellur úr gildi reglugerð nr. 455 28. nóvember 1984, um sérstakt línu- og netasvæði út af Faxaflóa.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. mars 1985.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.